

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 8. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 28. október 2010, kl. 14:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Bygginganefndar dags. 14. okt.
3. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 21. sept.
4. Fundargerð starfshóps Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 21. sept.
5. Erindi frá Vinnumálastofnun um gjaldfrjáls afnot af íþróttamannvirkjum.
6. Fjárhagsáætlun HNE 2011 ásamt gjaldskrá.
7. Fundargerð Brunavarnanefndar dags. 20. okt.
8. Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni v/Skjólbrekku.
9. Málefni nefnda.
10. Fundarsköp sveitarstjórnar.
11. Úttekt og endurbætur á hitaveitunni.
12. Félagsstarf eldri borgara.
13. Bréf Péturs Snæbjörnssonar.

### Til kynningar:

- Fundargerð Heilbrigðisnefndar NE dags. 15. sept.
- Bréf Péturs Snæbjörnssonar dags. 22. sept.
- Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 24. sept.
- Bréf Orkustofnunar dags. 29. sept.
- Bréf frá Birni Ingimarssyni, form. Menningarráðs Eypings.
- Fundargerð stjórnar sambands ísl. sveitarfél. dags. 22. sept.
- Fundargerð stjórnar sambands ísl. sveitarfél. dags. 29. sept.
- Fundargerð stjórnar sambands ísl. sveitarfél. dags. 13. okt.
- Aðalfundur Eypings 2010.

**Fundargerð stjórnar Eypings dags. 13. sept.**

**Fundargerð stjórnar Eypings dags. 8. okt.**

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12 verði bætt á dagskránnu. Jafnframt óskaði oddviti eftir því að bréf Péturs Snæbjörnssonar sem var til kynningar verði bætt á dagskránnu sem 13 lið. Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð Bygginganefndar dags. 14. okt.**

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp:

Liður 1.

**201009039 – Erindi frá Ólöfu Hallgrímsdóttur, Vogum 1, Skútustaðahreppi**

Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogabús ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir starfsmannahús við ferðajónustuna að Vogum 1. Húsið er fjórar gámaeiningar sem reist verður á rispak. *Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins þar sem ekki hafa borist fullnægjandi gögn.*

Liður 2.

**201009110 – Erindi frá Landeigendum Reykjahlíðar ehf. Skútustaðahreppi**

Landeigendur Reykjahlíðar ehf. sækja um leyfi til að setja niður bryggjur í Helgavogi í Mývatni.

*Byggingarfulltrúi kynnti álit Skipulagsstofnunar um afgreiðslu erindisins.*

*Nefndin óskar því eftir álit skipulagsyfirvalda Skútustaðahrepps áður en afstaða er tekin í málinu.*

Varðandi lið 1, gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við bókun

Bygginganefndar en hvetur jafnframt hlutaðeigandi til að hraða vinnu við deiliskipulagsgerð.

Varðandi lið 2, mun sveitarstjórn óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar til að fara með málið skv. 3 tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997. Oddvita falin málsmeðferð

**3. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 21. sept.**

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**4. Fundargerð starfshóps Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 21. sept.**

Á fundi Héraðsnefndar Þingeyinga 21. sept. s.l. var ákveðið að tilnefna fjóra menn í starfshóp sem skyldi meta kostnað Slökkviliðs Norðurþings við útköll, þegar klippa þarf fólk út úr bifreiðum við slys og gera drög að gjaldskrá þegar útkall kemur úr öðrum sveitarfélögum.

Tillaga starfshópsins er að greitt verði fyrir hvert útkall kr. 150.000,- m.v. verðlag í dag. Þessi tala byggir á því að fimm manns mæti í útkall og á m.a. að dekkja launakostnað, eldsneytiskostnað og notkun hjálparefna. Sveitarstjórn frestar að samþykkja fundargerðina, sveitarstjóra falið að kanna hvers vegna þetta er ekki á hendi tryggingarfélaganna.

**5. Erindi frá Vinnumálastofnun um gjaldfrjáls afnot af íþróttamannvirkjum.**

Með bréfi dags. 27. sept. fara fulltrúar Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra f.h. atvinnuleytenda og skjólstæðinga Virks starfsendurhæfingarsjóðs fram á samstarf við sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum um að skjólstæðingar þessara aðila fái gjaldfrjáls afnot af íþróttamannvirkjum, líkamsrækaradstöðu og sundlaugum sveitarfélaganna á hefðbundum opnunartíma þeirra, tímabilið frá 1. okt 2010 til 1. okt. 2013.

Í bréfinu kemur fram að minnkun á virkni einstaklinga vegna atvinnuleysis eða heilsubreysts hefur mjög neikvæð áhrif á getu og vilja þeirra til að fara á ný á vinnumarkað. Því er mikilvægt að hver og einn finni sér verkefni og virkni við sitt hæfi. Hreyfing, t.d. gönguferðir, sund og þjálfun í tækjasal eru mikilvægar og árangursríkar aðferðir til að auka virkni í atvinnuleysi eða fjarveru af vinnumarkaði vegna heilsubreysts.

Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem verulegrar óánægju gætti hjá þeim aðilum sem þyggja lámarkslaun sem eru svipuð og fullar atvinnuleysisbætur, en njóta ekki sambærilegara friðinda.

Sveitarstjórn samþykkir hins vegar að allir þeir sem skráðir eru með lögheimili í sveitarfélaginu fái frítt í sundlaugina. Þessi ákvörðun gildir frá og með 1. nóv. 2010 til og með 30. apríl 2011.

**6. Fjárhagsáætlun HNE 2011 ásamt gjaldskrá.**

Með bréfi dags. 20. sept. fylgir fjárhagsáætlun HNE fyrir árið 2011. Mikil óvissa er um allar forsendur fjárhagsáætlunarinnar og einnig áætlaða kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að Siglufjörður komi inn í samstarfið en verði ekki af því breytast forsendur talsvert. Gert er ráð fyrir 2,75% hækkum milli ára. Þá fylgdi bréfinu einnig gjaldskrá yfir heilbrigðiseftirlitsgjöld ársins 2010 ásamt lista yfir eftirlitskyld fyrirtæki. Gjaldskráin er óbreytt á milli árunna 2009 og 2010, en gert er ráð fyrir 4,7% hækkun árið 2011.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkomna fjárhagsáætlun. Skrifstofu falið að fara yfir fyrirtækjalistann og gera athugasemdir ef með þarf.

**7. Fundargerð Brunavarnanefndar dags. 20. okt.**

Fyrir fundinum liggur fundargerð Brunavarnarnefndar. Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við en sveitarstjórn gerir athugasemd við b. lið fjórða liðar fundargerðarinnar.

**8. Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni v/Skjólbrekku.**

Með tölvupósti óskar Yngvi Ragnar Kristjánsson f.h. Mývatns ehf. eftir framlengingu á núverandi húsaleigusamningi um Skjólbrekku, til næstu þriggja ára en til vara til eins árs.

Sveitarstjórn samþykkir að boða Yngva Ragnar til fundar um málið.

**9. Málefni nefnda.**

G-listinn leggur til að formönnum nefnda sveitarfélagsins verði nú þegar sent erindisbréf þannig að þær geti hafið störf. Með samþykkt sinni 30. júní s.l. var nefndaskipan hreppsins gerbreytt með það að markmiði að efla starf þeirra og auka íbúalýðræði. Þá voru kjörnir aðalmenn í sveitarstjórn settir í hverja nefnd til að stytta boðleiðir milli nefndanna og sveitarstjórnarinnar. Mörg brýn verkefni bíða úrlausna og því er þarft að virkja nefndir hið fyrsta. Samþykkt samhljóða.

**10. Fundarsköp sveitarstjórnar.**

Frestað til næsta fundar.

**11. Úttekt og endurbætur á hitaveitunni.**

Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til Skipulagsnefndar.

**12. Félagsstarf eldri borgara.**

Fyrir fundinum liggur bréf frá Láru Ingvarsdóttur um félagsstarf eldri borgara. Sveitarstjóra og oddvita falin málsmeðferð. Þá liggur og fyrir viðhorfskönnun sem Þekkingasetur Þingeyinga vann fyrir Skútustaðahrepp um möguleg þjónustuúrræði fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Samþykkt að vísa könnuninn til Félags- og menningamálanefndar.

**13. Bréf Péturs Snæbjörnssonar.**

Sveitarstjóra og oddvita falið að svara bréfinu.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik Jakobsson.